

einstöku tilfelli byggist á faglegri þekkingu hans og þekkingu hans á einstökum áhættuþáttum í reikningsskilum fyrirtækisins.

Komist endurskoðandi að því að reikningsskilum sé áfátt í verulegum atriðum skal hann framkvæma frekari athuganir til þess að geta tekið ákvörðun um fyrirvaralausa yfirlýsingu í áritun sinni eða hvort sérstakur fyrirvari sé nauðsynlegur.

Vinnuskjöl endurskoðanda um könnun árshlutareiknings skulu innihalda lýsingu á því í hverju vinna hans var fólgin ásamt niðurstöðum.

Að lokinni könnun sinni skal endurskoðandi gefa yfirlýsingu um reikningsskilin með áritun á þau. Yfirlýsingin skal vera ótvíræð, skýr og skiljanleg og þar skal gerð grein fyrir könnuninni og umfangi hennar. Hafi endurskoðandi komist að raun um umtalsverða skekkju, verulega óvissu, að mikilvægar upplýsingar vanti í árshlutareikning eða að líkur séu á að eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækis sé undir lögbundnu lágmarki skal endurskoðandi setja fram fyrirvara og gera grein fyrir í hverju hann er fólgin. Séu reikningsskilin einhverjum annmörkum háð m.t.t. laga og reglna um bókhald og reikningsskil fjármálafyrirtækja skal endurskoðandi ekki gefa yfirlýsingu um afkomu eða efnahag fyrirtækisins.

IX. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 1. mgr. 93. gr. laga nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um endurskoðun lánastofnana nr. 694 frá 10. september 2001.

Fjármálaeftirlitinu, 30. júní 2003.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald

kr. 6.372

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun

kr. 7.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	hálf títímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt títímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt títímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,	
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu

hálf títímagjald

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Pegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 338/2002 fyrir heilbrigðis- og mengunarnaftirlit Vesturlandssvæðis.

Borgarnesi, 10. apríl 2003.

F.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands,

Helgi Helgason.

VIÐAUKI A

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	5.200	Byggingavörverslanir, litlar	11.900
Alifuglarækt ≤ 40.000 stæði	23.900	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur	
Alifuglarækt > 40.000 stæði	47.800	ótalín gisting án veitingasölu	17.400
Apótek	9.600	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur	
Áfengismeðferð	12.700	ótalín gisting með veitingasölu	20.500
Áfengisverslun	9.600	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með	
Áhaldahús sveitarfélags	10.400	móttökueldhúsi	33.500
Bakarí, miðlungs	30.900	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með	
Bensínstöðvar	22.300	móttökueldhúsi	23.900
Bensínstöðvar með matvöru	54.200	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með full-	
Bensínstöðvar með veitingasölu	73.900	búnu eldhúsi	33.500
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	13.500	Dýralæknastofur án röntgen	4.400
Bifreiða- og vélaverkstæði með		Efnalaugar	12.700
sprautun, miðlungs	16.700	Fangelsi, lítið	6.400
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	5.200	Fangelsi, miðlungs	13.500
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	5.600	Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	10.400
Blikksmíði	4.800	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu	
Bón- og bílaþvottur, handvirk	8.000	eldhúsi	35.700
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	15.100	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttöku-	
		eldhúsi	25.500
		Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	12.700

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	20.700	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	26.100
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	23.900	Matvöruverslun með vinnslu, lítill	34.100
Fótaaðgerðarstofur	9.600	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	45.900
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	11.900	Málningavöruverslanir	11.900
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	8.800	Meðferð og húðun málma	15.100
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi		Mjólkurbú og ostagerð	175.800
< 10 tonn á dag	30.300	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	25.500
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	23.900	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	11.900
Framleiðsla húsdýrafóðurs	4.800	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	19.100
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	13.500	Nuddstofur	11.200
Frístundahúsabyggð 20 hús	17.400	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breyti-	
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn-		lega staðsetningu	17.500
og verknám með fullbúnu eldhúsi	32.500	Plastiðnaður	12.700
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með full-		Prentiðnaður með framköllun	13.500
búnu eldhúsi	32.500	Prentiðnaður, lítill	6.000
Garðauðun	4.800	Rafvélaverkstæði	4.800
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja		Salatgerð	34.700
spilliefni	5.200	Saltfiskverkun	17.500
Gámastöð	11.200	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	28.700
Grunnskólar án mótuneytis	12.700	Seiðaeldisstöðvar < 350 þús. seiði og	
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	34.100	afrennsli í ferskvatn	13.500
Gæsluvellir	9.600	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og	
Harðfiskverkun	17.500	afrennsli í ferskvatn	27.100
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	12.700	Sjúkraþjálfun	11.200
Hárgreiðslustofur	11.200	Skemmtistaðir með matsölu	25.500
Heilsugæslustöðvar	5.600	Skíðaskálar, skíðasvæði	6.400
Heimili fyrir börn og unglinga	11.200	Skotvellir	11.900
Heitloftspurrkun fiskafurða	20.700	Skyndibitastaðir, litlir	26.300
Hestahald (hestúsháverfi)	6.400	Sláturhús < 50 t/dag	54.200
Hjólbarðaverkstæði, gúmmívinnsla	5.200	Smurstöðvar	16.700
Hótel með veitingasölu, lítið	23.900	Snyrtistofur	11.200
Hótel með veitingasölu, miðlungs	54.200	Snyrtivöruverslun	11.200
Hótel með veitingasölu, stórt	67.500	Sorpflutningar og sorphirða	7.200
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	27.100	Sólbaðstofur án heitra potta	11.200
Hundahótel	4.400	Spennistöðvar	4.000
Íþróttahús, lítill	11.200	Stálsmíði og stálskipagerð	23.900
Íþróttahús, miðlungs	14.300	Sultu- og ávaxtagrautargerð	34.700
Íþróttavellir	5.200	Sundstaðir, litlir	50.300
Járnvöruverslanir	11.900	Sundstaðir, miðlungs	77.000
Kattahótel	4.400	Súkkulaði- og sælgætisgerð	21.300
Kirkjur	3.600	Svínarækt ≤ 2000 stæði alisvín eða ≤ 750	
Krár, kaffihús með matsölu	22.300	stæði fyrir gyltur	30.300
Kvikmyndahús	11.900	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða > 750	
Kökugerð, lítill	17.500	stæði fyrir gyltur	60.500
Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttu lítill	30.900	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	17.500
Land- og kvíaelði	27.100	Tannlæknastofur	4.800
Leikskólar með fullbúið eldhús	29.300	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	8.700
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	11.200	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	17.400
Líkamsræktarstöðvar, stórar	11.900	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	18.900
Ljósmyndastofur með framköllun	10.400	Tónlistarskólar	5.600
Loðdýrabú	23.900	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	5.600
Læknastofur	4.800	Trésmíðaverkstæði með lökkun	12.700
Malar- og sandnám; vikurnám	5.600	Vatnsveitur < 1.000 íbúa	34.700
Matsölustaðir, litlir	31.900	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	87.100
Matsölustaðir, miðlungs	45.200	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	138.200
Matsöluvagnar	20.500	Vatnsveitur, einka	8.700

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	5.200	Vöruflutningamiðstöðvar	15.100
Vinnsla á ferskum fiski, lítill	17.500	Vöruheymslur, litlar	9.600
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	23.900	Vöruheymslur, miðlungs	15.100
Vinnsla á ferskum fiski, stór	30.300	Yogastofur, heilun o.fl.	9.600
Vinnsla með plast- og frauðefni	12.700	Þvottahús og efnalaugar	11.200
Vistheimili	12.700		

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli.

Þar til mælir hefur verið settur upp eða ef mælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Til húshitunar:

VM1	166,54	(189,86) kr. pr. tonn
Niðurgreitt allt að 1.111 m ²	91,80	
VM2 m ³	41,64	(47,47) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á m ²	22,95	
VM2 kWh	2,78	(3,17) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á kWh	1,53	

Til annarra nota:

VM3 m ³	117,57	(134,03) kr. pr. tonn
VM4 m ³	29,41	(33,53) kr. pr. tonn
VM4 kWh	1,96	(2,23) kr. pr. tonn

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

MV1 Fyrir mæla allt að 3/4"	9.585,00	(10.927,00) kr.
MV2 Fyrir mæla eða hemla 1" – 2"	19.096,00	(21.769,00) kr.
MV3 Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	38.284,00	(43.644,00) kr.